



**162. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar
föstudaginn, 19. maí, 2006, kl. 12:00.**

**Formaður bæjarráðs, Ágúst Þór Bragason, setti fund og stjórnaði honum.
Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.**

1. Erindi frá Skipulagsstofnun.

Fram lagt afrit af bréfi frá Skipulagsstofnun, dags. 11. maí 2006 sem sent var Leið ehf. vegna tillögu að matsáætlun um legu þjóðveggar um svokallaða Húnavallabraut. Afrit af bréfinu eru send Blönduósbæ, Húnavatnshreppi og Vegagerðinni.

Í bréfi Skipulagsstofnunar til Leiðar ehf. er rakin skýr afstaða Blönduóssbæjar um að ekki verði gerðar breytingar á gildandi svæðisskipulagi og einnig að þeir landeigendur á því svæði sem fyrirhuguð veglína er áætluð, mótmæli harðlega öllum áformum um lagningu nýs vegar um lönd sín. Í niðurlagi bréfsins telur stofnunin brýnt að framkvæmdaraðili, Leið ehf., fjalli í tillögu að matsáætlun um það hvernig hann hyggist leita leiða til þess að sætta hagsmunaaðila.

Lagt fram til kynningar.

2. Beiðni um greiðslu vegna námskostnaðar við tónlistarskólanám á framhaldsskólastigi.

Fram lögð umsókn þar sem þess er farið á leit að sveitarfélagið greiði þann hluta kostnaðar tónlistarskólanáms við Tónlistarskóla Akureyrar sem reiknaður verður út sem hluti sveitarfélaga.

Bæjarráð samþykkir umsóknina en ítrekar bókun sína frá fundi um sambærilegt málefni þ. 25. ágúst 2005, liður 4.

3. Erindi vegna byggðakvóta.

• Dags. 4. maí 2006

Fram lögð umsókn um byggðakvóta frá Skarfakletti ehf. sem gerir út Arney HU 36. Umsókn fylgir samningur við Norðurós ehf. um vinnslu aflans.

Bæjarráð vísar erindinu til umræðu á næsta bæjarstjórnarfundum.

• Dags. 5. maí 2006.

Norðurós ehf. hyggst kanna réttarstöðu sína gagnvart Blönduósbæ og sjávarútvegsráðuneytinu vegna ráðstöfunar byggðakvóta. Lagt fram til kynningar.

4. Frumvarp til laga frá samgöngunefnd Alþingis.

• Stofnun hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur.

Lagt fram til kynningar.

• Flugmálastjórn Íslands, heildarlög.

Lagt fram til kynningar.



5. **Erindi frá vinabæ Blönduóssbæjar, Horsens í Danmörku.**
Fyrirhugað er "Ledermöde" í Horsens dagana 26. júní - 29. júní. nk. Samþykkt að ný bæjarstjórn taki endanlega afstöðu til þess hvort fulltrúar Blönduóssbæjar sæki mótið.
6. **Styrkumsókn frá Samkórnum Björk.**
Sótt er um styrk til að unnt sé að halda áfram öflugu kórastarfi. Bæjarráð samþykkir að veita kórnum 50 þús kr. styrk.
7. **Erindi frá útvarpsstöðinni Lindin.**
Óskað er leyfis til að setja upp útvarpssendi í landi Hnjúka, sunnan við Blönduóssbæ. Bæjarráð tekur jákvætt í erindið og felur tæknideild að vera í sambandi við fulltrúa Lindarinnar vegna málsins.
8. **Erindi frá Rarik.**
Erindi bréfsins er að upplýsa fyrirhugaðar framkvæmdir við mannvirki hitaveitunnar. Fyrirhugað er að kanna með rannsóknarholum hvort nægilegt heitt vatn finnist suður af holu 12. Verði niðurstöður rannsóknarborana jákvæðar verður stofnæð hitaveitu milli Blönduós og Reykja endurnýjuð. Fram kemur að Rarik hefur undirritað viljayfirlýsingu þess efnis að fyrirtækið leggi hitaveitu til Skagastrandar. Tímasetningar liggja ekki fyrir en gert er ráð fyrir að verkinu ljúki fyrir árslok 2007 verði niðurstöður rannsóknarborana jákvæðar.

Bæjarráð þakkar greinargóðar upplýsingarnar og lýsir yfir ánægju með fyrirhugaðar framkvæmdir.
9. **Erindi frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, dags. 10. maí 2006.**
Sjóðurinn hefur samþykkt umsókn Blönduóssbæjar þar sem sótt var um 12 mkr framlag vegna kostnaðar sem tengjast endurskipulagningu þjónustu og stjórnsýslu sameiningar við Engihlíðarhrepp.
10. **Erindi frá ÍSí.**
Sambandið hvetur sveitarfélög að taka jákvætt í ályktanir um stuðning sveitarfélaga við íþróttastarf. Lagt fram til kynningar.
11. **Niðurstaða dóms í máli um ræktað land nr. 86 á Blönduósi.**
Fram lögð ítarleg skýrsla, dómur vegna málsins. Í niðurstöðu dómsins kemur fram að stefndi, Blönduósbær, er sýkn af kröfum stefnenda, Finnboga Guðmundssonar og Jóns Guðmundssonar. Málskostnaður fellur niður. Lagt fram til kynningar.
12. **Önnur mál.**
 - a. **Svör vegna fyrirspurna Valdimars Guðmannssonar sem lagðar voru fram á síðasta fundi bæjarráðs, 10. maí sl.**

1. Hvað hefur Blönduósbær sett mikla fjármuni í uppkaup á landi og fleira í tengslum við fyrirhugaðan afþreyingargarð á Blönduósi?



Svar: Eins og fram hefur komið í bókun bæjarráðs hefur verið ákveðið að framlag Blönduósbæjar til þessa ferðaþjónustuverkefnis sé að leggja verkefninu til land. Heildarkostnaður vegna innlausna lands undir afþreyingargarð er kr. 810.728,- og skiptist upphæðin þannig:

Landnúmer	Umráðamaður	Verð per fermeter	Samtals kr.
145207	Sveinn Þórarinsson	11,72	104.531
145213	Skarphéðinn Einarsson	11,72	225.704
145214	Skarphéðinn Einarsson	11,72	138.050
145215	Ragnar Ingi Tómasson	11,72	141.695
145208	Hjörtur Karl Einarsson	6,09	57.132
145216	Hjörtur Karl Einarsson	6,09	143.617
		Alls samtals:	810.728

Í öllum tilvikum nema við innlausn lands frá Hirti Karli Einarssyni voru notaðir viðmiðunartaxtar Vegagerðarinnar, 11,72 á fermeter. Undirrituð fól hins vegar tæknideild á sínum tíma að greiða Hirti Karli einungis þá upphæð sem hann sjálfur hafi greitt fyrir landið af fyrrum umráðamanni árið 2004. Eins og sést á meðfylgjandi yfirliti er það verð helmingi lægra en aðrir umráðamenn fengu greitt fyrir innlausn landa sinna.

2. Hver er heildarkostnaður við breytingar á Hnjúkabyggð 33 skrifstofuhúsnæði?

Svar: Heildarkostnaður vegna endurbóta á skrifstofuhúsnæði að Hnjúkabyggð 33 eru kr. 25.340.305,-.

Fyrir hönd Á-listans óska ég eftir að fá dagbókarfærslur vegna sumarskemmtunar Matur og Menning 2005.

Svar: Upplýsingar þessar voru sendar í pósti til Valdimars þ. 11. maí sl.

b. Framlag Blönduósbæjar til framboða á Blönduósi sem leggja fram lista til sveitarstjórnarkosninga 2006. Bæjarráð samþykkir að veita hverju framboði kr. 120.000,-.

c. Bókun frá Ágústi Þór Bragasoni. Varðandi bókun bæjarstjóra við fyrirspurn Valdimars Guðmannssonar, Á-lista, á síðasta fundi bæjarráðs, þann 10. maí sl. þar sem bæjarstjóri vísar fyrirspurninni m.a. til undirritaðs, skal tekið fram að ekki hafa verið gerðir neinir aðrir samningar af minni hálfu, aðrir en munnleg ósk um að bæjarstjóri gegni starfinu út kjörtímabilið.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 12:45.

Ágúst Þór Bragason (sign.)
Jóhanna G. Jónasdóttir (sign.)
Valdimar Guðmannsson (sign.)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)